


Grunnmynd 2. hæðar



Grunnmynd rishæðar

Lýsing

Hraunkambur 10 er steinsteypt og skeljasandsklætt tvíbylihus, tvær hæðir og ris með kvistum á hverri hlið þaksins sem er valmapak. Það er byggt eftir teikningum Sigurðar J. Ólafssonar frá árinu 1952. Þær teikningar sýna eina íbúð í húsinu. Árið 1987 hefur húsinu verið skipt upp í tvær íbúðir, eina á neðri hæð og aðra á efri hæð og í risi, eftir teikningum F. Sigurðssonar. Í apríl 2022 var gefið leyfi fyrir byggingu vindfangs á austurhlíð 1. hæðar, 3,9m<sup>2</sup> og 9,3m<sup>3</sup>. Fleiri teikningar eru ekki til af húsinu, en byggð hefur verið viðbygging við efri hæðina við norðurhlíð. Sú bygging mælist 13,2 m<sup>2</sup>, byggð úr timbri og plötuklædd.

Eigendur 0201, efri hæðarinnar, óska eftir því að hækka þakið, stækka kvistina og koma fyrir þaksvölum framan við kvistinn á vesturhlíð. Einnig að reisa lítila viðbyggingu við vesturhlíð. Sú viðbygging yrði fyrir neðan þakkantinn og byggð úr timbri, klædd stáli í dökkum lit, svipuðum lit og á gluggum hússins. Við þetta myndu útitröppur lengjast til suðurs um 2 metra en 3 metrar eru frá húsi að lóðarmörkum.

Viðbyggingin stendur á steypum sökkli. Einangrað verður undir plötuna með 100mm stífri steinull. Nýir útvæggir eru úr 45x120mm c/c 600mm og einangraðir með 120mm þéttull, klæddir 12 mm grenikrossviði, vindpappa og galvanhúðuðu jární að utan, en að innan með rakavarnarlagi (Siga Majorex), lagnagrind 34x45 mm c/c 600mm og plötum í flokki 2. Gluggar og hurðir eru úr timbri með tvöföldu k-gleri. Gler í svalahurð og glugga er EW30. Þavirki í risi og viðbyggingu er úr 45x220mm sperrum c/c 600mm. Einangrun er 200 mm þakull, loftun undir borðþaki er 25mm. Þak á risi verður klætt bárujárni en þak á viðbyggingu er með lágmarksþakhalla og klætt dúk í flokki T. Að innan eru þökinn klædd rakavarnarlagi (Siga Majorex) 34x45mm lagnagrind c/c 600mm og plötum í flokki 2. Innvæggir eru úr 45x70mm timburgrind fylltir þéttull og klæddir plötum í flokki 2. Plata á milli 2. hæðar og rishæðar er steypd plata. Núverandi stigi upp á rishæðina er steypdur, en nýr stigi er úr timbri, hæð handriðs 90cm.

Viðbygging til norðurs (þegar byggð) verður endurklædd og þak endurbyggt. Allt efni og frágangur verður eins og á nýju viðbyggingunni.

Loftræsting er um opnanlega glugga í öllum herbergjum. Einnig er útsog á baðherbergi skv. reglugerð.

Upphitun er með hefðbundnu hitaveitufnakerfi.


Inntök eru á baðherbergi á 1. hæð.

Rafmagnstafla fyrir íbúð á 2. hæð er undir stiganum.

Sorp fyrir íbúð 0201 er við vesturhlíð hússins, við útitröppur. Sorp fyrir íbúð 0101 er framan við inngang þeirra við austurhlíð.

Brunavarnir:

Frá rishæð eru tvær flóttaleiðir, önnur um stiga niður á 2. hæð og hin út á svalir. Frá svölum er svo auðvelt að komast yfir þak þá nýrarnar viðbyggingar til vesturs. Einnig má komast út á þak viðbyggingarinnar til norðurs, um glugga á baðherbergi á rishæð. Flóttaleiðir frá 2. hæð eru um anddyri annars vegar og um baðherbergi og þvottúsi hins vegar. Reykskynjarar verða í öllu húsinu og slökkvitæki af viðurkenndri gerð verður staðsett í anddyri og á gangi rishæðar.



Stærð húss samkvæmt fmr:	174,0 m <sup>2</sup>	494,0 m <sup>3</sup>
Eftir stækkun:	212,1 m <sup>2</sup>	592,0 m <sup>3</sup>
Stækkun:	38,1 m <sup>2</sup>	98,0 m <sup>3</sup>

Landeignanúmer L121010  
Lóð 639,0 m<sup>2</sup>  
Nýtingarhlutfall 0,33

HRAUNKAMBUR 10, HAFNARFIRÐI

Breytingar á íbúð 0201  
Grunnmynd 2. hæðar og rishæðar mkv. 1:100  
Afstöðumynd mkv. 1:500  
8. febrúar 2023

Ólöf Flyggenring arkitekt feli - Mjóahlíð 4, 105 Reykjavík  
lolo.flyggenring@gmail.com - s. 8457873 - 1009554669